

GJALDSKRÁ

Byggingarleyfis- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Fjallabyggðar

(Uppreiknuð, m.v. vísitölu í janúar 2010 (501,1 stig))

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í umdæmi Fjallabyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Fjallabyggð í umboði bæjarstjórnar innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Gjöldin miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið er byggingarleyfi, útmæling og hæðarsetning, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

Tegund byggingar	kr./m ³	Athugasemdir.
A Íbúðarhúsnæði	84,-	Gjald þó ekki lægra en kr. 77.352,-
B Iðnaðarhúsnæði	84,-	Gjald þó ekki lægra en kr. 102.349,-
C Verslun og þjónusta	84,-	Gjald þó ekki lægra en kr. 102.349,-
D Sérhæfðar byggingar	84,-	Gjald þó ekki lægra en kr. 126.913,-
E Frístundahús	84,-	Gjald þó ekki lægra en kr. 63.287,-
F Aðrar byggingar en tilgreindar í liðum A-E	84,-	Gjald þó ekki lægra en kr. 63.287,-
G Stækkun húsnæðis/viðbyggingar o.þ.h.	84,-	Gjald þó ekki lægra en kr. 39.379,-
H Niðurrif húsa	0,-	Fast gjald kr. 7.031,-
I Endurnýjun eldra byggingarleyfis	0,-	Fast gjald kr. 7.062,-
J Umsýslugjald vegna minni grenndarkynningar	0,-	Fast gjald kr. 16.376,-
K Umsýslugjald vegna stærri grenndarkynningar	0,-	Fast gjald kr. 57.315,-

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma. Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

5. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

6. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi.

7. gr.

Fyrir þjónustu sem veitt er af hálfu byggingarfulltrúa í umdæmi Fjallabyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Fjallabyggð í umboði bæjarstjórnar innheimta þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

8. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld

Fyrir ýmsa þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir greiðast eftirfarandi gjöld:

Tegund þjónustu:	Gjald kr.:
1. Afgreiðslugjald, fast gjald á aðra liði en um getur í 2. og 8. gr. Gjaldið greiðist fyrir hverja einstaka afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar.	1.688
2. Stöðuleyfi, árgjald sem greiðist einu sinni á ári.	
a) Hjólhýsi o.þ.h.	20.470
b) Gámar:	
Upp að 20 fet að stærð	20.470
40 fet að stærð	40.940
3. Lóðarúthlutunargjald, óendurkræft þó lóðinni sé skilað til sveitarfélagsins.	16.876
4. Eignarskiptalýsingar, hver umfjöllun	7.031
5. Vottorð vegna vínveitingaleyfa	7.031
6. Fyrir húsaleiguúttekt	7.031
7. Fyrir úttekt á verkstöðu vegna lánveitingar	7.031
8. Fyrir breytingar á lóðarleigusamningi.	35.160
9. Endurskoðun aðaluppdráttar	12.282
10. Framkvæmdarleyfi	49.127
11. Endurnýjun leyfis án breytinga	9.211
12. Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi	Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingar á sinn kostnað.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 2009 (489,6 stig) sem uppreiknast í janúar ár hvert miðað við gildandi byggingarvísitölu¹.

10. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. 28. og 29. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997

*Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 17. desember 2009.
Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 21. janúar 2010.*

Þórir Kr. Þórisson, bæjarstjóri

¹ Gjöld í þessari útgáfu gjaldskrárinnar hafa verið uppreiknuð miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 2010. Upphaflega útgáfu gjaldskrárinnar er að finna á vef stjórnartíðinda <http://stjornartidindi.is/>.